

## Samkomulag um breytingar á stofnanasamningi

Samstarfsnefnd hjúkrunarfræðinga í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga annars vegar og Sunnuhlíð, hjúkrunarheimili, hins vegar, gera með sér eftirfarandi samkomulag um breytingar á stofnanasamningi dagsettum 8. september 2006.

### 1. Röðun starfa í launaflokka

Eftirfarandi breytingar verða á röðun starfa í launaflokka samkvæmt gr. 5 í stofnanasamningum dagsettum 8. september 2006.

<b>Starf</b>	<b>Launaflokkur var</b>	<b>Launaflokkur verður</b>
Hjúkrunarfræðingur 1	02	03
Hjúkrunarfræðingur 2	03	04
Hjúkrunarfræðingur 3	04	05
Aðstoðardeildarstjóri	06	07
Hjúkrunardeildarstjóri	08	09
Fræðslustjóri	06	07

### 2. Gildistaka

Framangreindar breytingar taka gildi frá og með 1. maí 2007. Með samkomulaginu eru aðilar sammála um að Umsaminni 2,6% hækkun samkvæmt 3. mgr. í fylgiskjali 1 í kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og SFH dagsettum 9. september 2005, hafi verið ráðstafað að fullu.

Kópavogur 31. október 2007